

Vigfús Jóhannsson 1984. Vnd-R.

Fæða fiska í Blöndu, Haugakvísl og Seyðisá.

Inngangur

Tilgangur bessarar athugunar var að kanna fæðu og fæðuskilyrði fyrir fiska á nokkrum stöðum á Blöndusvæðinu. Þessi athugun tengist víðtækari rannsóknunum á fiskum, sem unnið hefur verið að undanfarið á Blöndusvæðinu á vegum Veiðimálastofnunar Íslands.

Aðferðir

Alls voru greind 36 magasýni úr laxaseiðum, 17 úr urriða og 18 úr bleikjum. Sýnin voru úr fiskum, sem ýmist voru rafveiddir (seiði) eða veiddir í net. Dagana 14. - 15. júlí 1983 var sýna aflað frá nokkrum stöðum í Blöndu og 20. - 28. ágúst í Haugakvísl og Seyðisá. Í úrvinnslu voru sýni frá Blöndu sameinuð, annars vegar sýni frá efri hluta Blöndu niður að ármótum Svartár og hins vegar frá ármótum Svartár niður að Blöndubrú.

Magar voru varðveittir í 70% ísóprópanóli eða 5% formalínlausn. Þegar magar voru opnaðir var fylli beirra metin ( $1/4$ ,  $1/4-3/4$ ,  $3/4$ ). Fæðunni var dreift á skál og hlutfallsleg þekja einstakra fæðutegunda metin undir viðsjá.

Niðurstöðurnar eru settar fram sem áætlað rúmmál (meðaltal) og þar sem fjöldi maga var nægjanlegur er jafnframt gefnir upp prósenta maga, sem hver fæðutegund fannst í og prósenta maga þar sem tegundin var aðalfæða (50% þekja).

## Niðurstöður

Niðurstöður átugreininga úr fiskamögum frá Blöndu, Haugakvísl og Seyðisá eru settar fram í Töflu I.

Lax: Aðalfæða laxaseiðanna var rykmý (Chironomidae), ýmist lirfur eða púpur eftir því hvenær sýna var aflað. Aðrar tegundir komu fyrir í litlum mæli. Í Haugakvísl komu lirfur vorflugunnar Apatania zonella fyrir ásamt vatnabjöllunni Agabus bipustulatus (brunnklukka). Í Blöndu fundust bitmýslirfur í nokkru magni, aðallega á efra svæðinu. Parna var um að ræða tvær tegundir, Simulium vittatum (mývargurinn) og Prosimulium ursinum. Meðalstærð laxaseiðanna, sem fæða var könnuð hjá var í kringum 10 cm. Munur á fæðuvali milli einstaklinga var mjög líttill, rykmý var ríkjandi fæða í öllum tilfellum.

Urriði: Nokkur munur kom fram í fæðu urriða milli svæða. Í Haugakvísl var aðalfæðan rykmýslirfur og púpur, ásamt lirfum vorflugunnar Apatania zonella og skötuormi (Lepidurus arcticus). Í Haugakvísl komu aðrar tegundir fyrir í litlum mæli, aðallega bitmýstegundirnar tvær, S. vittatum og P. ursinum. Í mögum frá efri hluta Blöndu fannst ekki nema rykmý, aðallega lirfur. Í neðri hluta Blöndu var ríkjandi fæða lirfur vorflugunnar Apatania zonella. Annað sem kom fyrir urriðamögum frá neðri hluta Blöndu voru rykmýslirfur og púpur, púpur strandflugunnar (Clinocera stagnalis), lirfur mývagsins og nokkrar tegundir landdýra (aðallega bjöllur (Coleoptera)). Í Seyðisá veiddist einn urriði og í maga hans voru tvö bleikjuseiði.

Bleikja: Ríkjandi fæða voru rykmýslirfur og púpur. Annað sem kom fyrir í bleikjumögum voru bitmýslirfur og púpur (S. vittatum og P. ursinum), aðallega í efri hluta Blöndu og Seyðisá. Púpur strandflugunnar komu fyrir bæði í Seyðisá og neðri hluta Blöndu. Ein bleikja veiddist í Haugakvísl og var magi hennar fullur af skötuormi. Magafylli var áberandi mikil í Seyðisá, undantekingalaust voru allir maga troðfullir.

## Umræða

Pessi athugun á fæðu fiska á Blöndusvæðinu gefur nokkra mynd af átuframboði á svæðinu. Rykmý virðist vera ríkjandi fæða í flestum tilfellum, ýmist lirfur eða þúpur. Vegna þess hve sýni eru fá er erfitt að draga miklar ályktanir af því hvort fæðuskilyrði séu mismunandi á milli svæða. Það var þó áberandi hve magafylli var mikil í Seyðisá og Haugakvísl. Fæðuvalið ræðst að sjálfsögðu af því hvaða fæða er í boði og í hve miklu magni. Rannsókir á Blöndusvæðinu (Finnur Guðmundsson og Geir Gígja 1942, Hörður Kristinsson og Helgi Hallgrímsson 1977) benda til þess að Galtará, Seyðisá og jafnvel Haugakvísl séu lífmestar á svæðinu, og er þá aðallega um að ræða rykmýslirfur og einnig nokkuð af bitmýslirfum.

Fæða laxaseiða er bekkt frá nokkrum stöðum hér á landi. Í Leirvogssá var fæða laxaseiðanna nær eingöngu rykmý (Þórólfur Antonsson 1983), athuganir á fæðu seiða í Bugðu í Kjós (eigin athuganir) hefur sýnt, að ríkjandi fæða eru bitmýslirfur.

Heimildir

Finnur Guðmundsson og Geir Gígja. 1942. Vatnakerfi Blöndu.  
Rit Fiskideildar Atvinnud. Hásk. 1942. nr. 1.

Hörður Kristinsson og Helgi Hallgrímsson. 1977. Náttúruverdar-  
könnun á virkjunarsvæði Blöndu. Orkustofnun,  
raforkudeild 7713.

Pórolfur Antonsson. 1983. Vöxtur, fæða og fæðuframboð laxa-  
og urriðaseiða í Leirvogsá 1981. Prófritgerð framhalds-  
náms. Líffræðiskor, Háskóli Íslands. Reykjavík.

Tafla 1. Fæða laxaseiða , bleikju og urriða í Blöndu um 14. júlí 1983, haugakvísl og Seyðisá 20. ágúst 1983.

%vol = % áætlað rúmmál (meðaltal)

%f = % maga með viðkomandi fæðutegund

%af = % maga með viðkomandi fæðutegund sem aðalfæðutegund  
(meir en 50%)

+ = kom fyrir

- = kom ekki fyrir

L = lax

U = urriði

B = bleikja

Blanda I : svæðið frá upptökum niður að ármótum Svartár

Blanda II: svæðið frá ármótum Svartár niður að Blöndubrú.

TAFLA 1.

## *Fæðutegundir*

	Haugakvísl			Seyðisá			Blanda I			Blanda II		
	L	U	B				L	U	B	L	U	B

<i>Simulium vittatum</i> L (bitmýslirfur)	%vol	-	+	+		9	-	-	+	+	-
	%f	-	10	14		42	-	-	6	-	-
	%af	-	-	-		-	-	-	-	-	-
<i>S. vittatum</i> P (bitmýspúpur)	%vol	-	+	1		-	-	1	-	-	-
	%f	-	10	43		-	-	17	-	-	-
	%af	-	-	-		-	-	-	-	-	-
<i>Clinocera stagnalis</i> (strandflugu- púpur)	%vol	-	-	1		13	-	-	-	15	10
	%f	-	-	14		42	-	-	-	-	-
	%af	-	-	-		-	-	-	-	-	-
<i>Agabus bipustulatus</i> <i>soliéri</i> (brunnklukka)	%vol	+	-	-		-	-	-	-	-	-
	%f	-	-	-		-	-	-	-	-	-
	%af	-	-	-		-	-	-	-	-	-
<i>Colymbetes dolabratus</i> <i>thomsoni</i> (Grænlands- klukka)	%vol	-	-	1		-	-	-	-	-	-
	%f	-	-	14		-	-	-	-	-	-
	%af	-	-	-		-	-	-	-	-	-
<i>Annað</i> (landdýr, aðallega bjöllur)	%vol	-	-	-		10	-	-	-	5	-
	%f	-	-	-		42	-	-	-	-	-
	%af	-	-	-		-	-	-	-	-	-